

Lög Samstarfsvettvangur íþróttafélaga í Kópavogi (SÍK)

I. Heiti og markmið

1. gr.

Félagið heitir Samstarfsvettvangur íþróttafélaga í Kópavogi (skammstafað SÍK).

2. gr.

Tilgangur SÍK er að efla samhug og samvinnu íþrótt- og ungmennafélaganna í Kópavogi og stuðla að fjölbreyttu íþróttastarfi þeirra í bænum. Ennfremur skal SÍK vera sameiginlegur málsvari félaganna gagnvart bæjaryfirvöldum.

II. Réttindi og skyldur SÍK félaga

3. gr.

Rétt til aðildar að SÍK eiga öll íþróttafélög og ungmennafélög innan Kópavogs, enda séu lög þeirra og starfsemi í samræmi við lög og reglur SÍK, Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ).

4. gr.

Óski félag að gerast aðili að SÍK, skal það senda stjórn þess umsókn sína ásamt lögum félagsins, stöðdegi þess og ár, stjórn þess og tölu virkra félagsmanna/iðkenda. Uppfylli félagið inntökuskilyrði þessara laga, öðlast það réttindi í samstarfsvettvangnum eftir að umsókn þess er samþykkt. Stjórn SÍK úrskurðar um inntöku nýs félags, en ársþing staðfestir aðild þess.

Stjórn SÍK skal setja reglugerðir um úthlutun þeirra styrkja sem samstarfsvettvangurinn fær frá Kópavogsbæ og um styrki frá SÍK til félaga.

Vilji félag ganga úr samstarfsvettvangnum, telst úrsögn því aðeins lögmæt að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar SÍK, sem síðan tilkynnir hana á ársþingi. Félag sem gengur úr samstarfsvettvangnum getur ekki krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til SÍK eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er ekki tekin gild nema félagið sé skuldlaust við SÍK.

5. gr.

Aðildarfélag skulu senda starfsskýrslur með féлага- og iðkendatölum og tölum úr ársreikningum til SÍK fyrir 15. apríl ár hvert. Fyrir 1. ágúst ár hvert skulu félögin skila ársskýrslu og árituðum endurskoðuðum ársreikningi til SÍK. Berist þessar skýrslur ekki innan tilskilinna tímamarka er stjórn SÍK heimilt að fresta samkvæmt eigin ákvörðun greiðs um á hlutdeild viðkomandi aðila í tekjum/styrkjum SÍK þar til skýrslur hafa borist.

6. gr.

Greiðslur félagsmanna til SÍK miðast við tölu félagsmanna innan viðkomandi félags, sem eru 6 ára og eldri. Þing SÍK ákveður upphæð félagsgjalds fyrir hvert ár. Skýrslu- og reikningsár SÍK miðast við almanaksárið.

7. gr.

Hvert það aðildarfélag, sem ekki hefur haldið aðalfund og sent skýrslur og ársreikninga í samræmi við 5. gr., missir atkvæðisrétt sinn á næsta þingi SÍK. Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum, getur þing SÍK tekið ákvörðun um, að félaginu skuli víkið úr samstarfsvettvangnum, sem og þeim félögum sem gerast brotleg gagnvart lögum þessum. Ákveði þing að vikja félagi úr SÍK skal tilkynna það til félagsins, og bæjaryfirvalda í Kópavogi.

MB

AS

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "AS", "KB", "MB", and "G.D.", along with some illegible scribbles.

III. Ársþing

8. gr.

Samráðsvettvangur íþróttafélaganna í Kópavogi er stjórnað af:

- a) ársþingi SÍK
- b) stjórn SÍK á milli þinga

9. gr.

Ársþing SÍK er fulltrúaþing og er æðsta framkvæmdavald um málefni þess. Ársþingið skal ekki haldið sjaldnar en á tveggja ára fresti á tímabilinu 1. maí - 31. júlí. Boða skal þingfulltrúa til ársþings bréflaga með tveggja vikna fyrirvara og skal fylgja dagskrá þingsins, ásamt ársskýrslum og reikningum SÍK, kjörbréfaeyðublöð auk tillagna og mála sem leggja á fyrir þingið.

Tillögur um lagabreytingar og skipulagsmál, sem óskast teknar fyrir á þinginu, skulu hafa borist stjórn í síðasta lagi 10. apríl ár hvert.

Mánuði áður en ársþing er boðað, skal senda öllum aðildarfélögum skrá um hve marga fulltrúa hver félag má senda á þingið.

Ársþing SÍK er lögmeitt ef löglega er til þess boðað. Þing má ekki halda á sömu dögum og íþróttaping eða formannafundur ÍSÍ og UMFÍ.

10. gr.

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á ársþing. Skal tala fulltrúa miðuð við tölu virkra félagsmanna/iðkenda skv. 6. gr., þannig að félag með:

| | | | | |
|---------------|------------|--------|----|----------|
| 1 - 50 | félagsmenn | hljóti | 2 | fulltrúa |
| 51 - 100 | " | " | 3 | " |
| 101 - 200 | " | " | 5 | " |
| 201 - 300 | " | " | 6 | " |
| 301 - 400 | " | " | 7 | " |
| 401 - 500 | " | " | 8 | " |
| 501 - 600 | " | " | 9 | " |
| 601 og fleiri | " | " | 10 | " |

Fjöldi fulltrúa getur mest orðið 10 hjá hverju félagi. Stjórn félagsins skal útfylla kjörbréf fyrir fulltrúa sína og sjá um að það sé komið á ársþingið fyrir ársþyrjun hverju sinni.

11. gr.

Á ársþingi SÍK eiga sæti með atkvæðisrétt, fulltrúar þeir sem aðildarfélög SÍK hafa kjörið til þings samkv. 10. gr., sbr. þó 7. gr. Engum fulltrúa er heimilt að fara með fleiri en eitt atkvæði. Rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa: framkvæmdastjóri SÍK, framkvæmdastjórn SÍK, starfsmenn íþróttaceildar Kópavogs og fulltrúi íþróttaráðs Kópavogs. Að auki getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

12. gr.

Dagskrá ársþings SÍK skal vera þessi:
Þingsetning.

1. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
2. Kosning þingforseta og þingritara.
3. Ávörp gesta.
4. Ársskýrsla stjórnar lögð fram og reikningar.
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Atkvæði greidd um reikningana.

MB

AS

K.B.

AS

AS
AS
AS

AS

6. Lagabreytingar, ef fyrir liggja.
7. Tillögur og mál er liggja fyrir þinginu.
8. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs og tillögur um skattgreiðslur félaganna.
9. Kosningar:
10. kosinn formaður
11. kosnir 3 stjórnarmenn til tveggja ára
12. kosnir 3 varamenn til tveggja ára
13. kosnir skoðunarmanns reikninga og 1 til vara
14. kosnar fastanefndir, ef þingið ákveður

Þingslit.

13. gr.

Í málum sem tilkynnt hafa verið í þingboði, hvort sem er á reglulegu ársþingi eða aukapingi, ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Til að taka megi til meðferðar á þinginu mál, sem ekki er getið í fundarboði þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða og 4/5 greiddra atkvæða til að samþykkja þau. Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

14. gr

Aukaping skal halda, ef tilmæli koma um það, samkvæmt fundarsamþykkt frá minnst 2/3 hluta félaga sem eiga aðild að SÍK. Þá skal og boðað til aukapings á sama hátt og til reglulegs þings sbr. 9. grein. Hafa félög sama fulltrúafjölda og sömu réttindi og á næsta þingi á undan, enda hafi þau ekki misst hlutgengi sitt. Á aukapingi má ekki breyta lögum bandalagsins, né kjósa nýja stjórn.

Tilhögun aukapings skal vera þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
3. Kosning þingforseta og þingritara.
4. Tekin til meðferðar þau mál, er gefið hafa tilefni til aukapingsins og tilkynnt voru með fundarboðinu.
5. Önnur mál, sem upp koma að verða borin, ef þingið leyfir að taka fyrir, sjá 12. grein.
6. Á aukapingi má ekki gera breytingar á lögum eða öðrum reglum SÍK, né kjósa í stjórn þess nema að meirihluti stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum ástæðum, eða stjórnin að eigin dómi hefur orðið óstarfhæf. Brágðabirgðastjórn situr fram á næsta ársþing.
7. Þingslit.

IV. Stjórn SÍK og starfssvið.

15. gr.

Stjórn SÍK skipa 7 menn kosnir á ársþingi. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

16. gr.

Stjórn SÍK skal sjá um framkvæmdir vettvangsins og vinna að málum þess. Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir til að sjá um og framkvæma ákveðna þætti í umboði stjórnar. Formaður skal kalla saman fundi minnst 4 sinnum á ári. Að öðru leyti setur stjórnin sér sjálf starfsreglur. Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meirihluti stjórnar mætir og fundur hefur verið boðaður samkvæmt starfsreglum.

17. gr.

Stjórn SÍK fer með stjórn sérfræðilegra málefna innan sveitarfélagsins Kópavogur, þeirra íþróttagreina þar sem sérráð eru ekki starfandi. Stjórnin getur skipað sérstaka nefnd um þessi málefni telji hún þess þurfa.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including MB, H.B., H.S., and others, scattered across the bottom right of the page.

V. Ýmislegt

18. gr.

SÍK verður ekki slitið nema á ársþingi og þá því aðeins að 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa sem eiga rétt til setu á þinginu samkvæmt lögum þessum, samþykki þá ráðstöfun. Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars þings þremur mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hlutum atkvæðisbærra fulltrúa að slíta bancalaginu er því þá slitið.

Sé SÍK þannig löglega slitið skulu eignir þess renna í sérstakan sjóð og skuldir greiddar og eignum síðan, ef einhverjar eru, skipt milli aðildarféлага í réttum hlutföllum við virka félagatölu þeirra skv. 6. gr.






















Við félagsslit tilnefnir hvert félag í SÍK einn fulltrúa í sérstaka skilanefnd, en auk þess á fráfarandi stjórn SÍK sæti í skilanefndinni og er formaður - SÍK jafnframt formaður skilanefndar. Skal uppgjöri vegna félagsslitanna lokið innan árs frá því endanleg ákvörðun var tekin um félagsslitin.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar þau hafa verið samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs og þrjú félag skv. 3. gr. hafa staðfest þau með undirritun sinni.

22. nóvember 2016

Undirritun stofnfélaga og Kópavogsbæjar:

| | | |
|---|--|---|
|  |  |  |
|  |  |  |
|  |  |  |
|  |  |  |
|  |  |  |
|  |  |  |
|  |  |  |

Ákvæði til bráðabirgða:

Ákvæði þetta til bráðabirgða gildir fram að fyrsta ársþingi félagsins. Lög þessi verða lögð fyrir íþróttaráð og í kjölfar þess fara þau til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar til samþykktar.

Þegar þrjú af íþróttafélögum Kópavogsbæjar hafa einnig samþykkt lög þessi og gengið í félagið með úritun á frumeintak laganna telst félagið stofnað og eftirfarandi starfsstjórn tekur til starfa.

Starfsstjórn félagsins skal skipuð fimm aðilum. Fjórum frá aðildarfélögum og einum fulltrúa frá Kópavogsbæ, sem skal jafnframt vera formaður starfsstjórnarinnar. Það verður hlutverk starfsstjórnar að koma félaginu á legg og hefja starfsemi þess. Starfsstjórn lætur af störfum á fyrsta aðalfundi félagsins.

Á fyrsta ársþingi SÍK skal kjósa 3 stjórnarmenn til tveggja ára og þrjú stjórnarmenn til fjögurra ára og sama varðandi varamenn. Þau íþróttafélög í Kópavogi sem ganga í félagið með því að gerast stofnfélag SÍK skulu staðfesta reglur þessar fyrir árslok 2016. Stofnfélög gerast sjálfkrafa félagsmenn í SÍK og á umsóknarferli tilgrein í 4. gr. laga ekki við um þau. Önnur ákvæði laganna eiga hins vegar við.